



Borgarholtsskóli

Fundargerð

Fundarefni: Fyrsti fundur nýrrar stjórnar foreldraráðs Borgarholtsskóla – fjarfundur á Zoom
Dagsetning: 24. febrúar 2021, kl. 17:00
Boðaðir: Þeir foreldrar og forráðamenn nemenda Borgarholtsskóla sem gáfu kost á sér í stjórn á aðalfundi 3. febrúar, ásamt Ástu Laufeyju Aðalsteinsdóttur aðstoðarskólameistara (fundurinn var boðaður í Facebook-hópi undirbúningshópsins).
Mættir: Guðrún Arna Björnsdóttir, Guðrún Þórisdóttir, Helga Björg Dagbjartsdóttir, Hrafnhildur Karla Jónsdóttir, Judith Penrod, Ólafur Örn Jónson og Margrét Sveinbjörnsdóttir. Ásta Laufey boðaði forföll og í hennar stað mætti Ársæll Guðmundsson skólameistari, sem stýrði fundi.
Dagskrá: <ol style="list-style-type: none">1. Kosning stjórnar, varamanna og áheyrnarfulltrúa í skólanefnd2. Starfið framundan

Fundargerð:

1. Kosning stjórnar, varamanna og áheyrnarfulltrúa í skólanefnd

Samkvæmt lögum foreldraráðsins skal stjórn skipuð sex foreldrum/forráðamönnum nemenda, sem kosnir eru til tveggja ára í senn, þrjár annað hvert ár og þrjár hitt árið. Einnig skal kjósa tvo varamenn. Að auki kýs foreldraráð einn áheyrnarfulltrúa í skólanefnd.

Sjö foreldrar voru kjörnir í stjórn foreldraráðs á aðalfundi 3. febrúar sl., sex mæður og einn faðir. Fyrsta verkefni fundar dagsins var að skipta verkum. Niðurstaðan var sú að þrjár nýnemaforeldrar voru kosnir sem aðalmenn til tveggja ára, þ.e. skólaárin 2020–2021 og 2021–2022, þær Guðrún Þórisdóttir, Hrafnhildur Karla Jónsdóttir og Margrét Sveinbjörnsdóttir, og þrjár foreldrar til eins árs, skólaárið 2020–2021, þau Helga Björg Dagbjartsdóttir, Judith Penrod og Ólafur Örn Jónsson. Guðrún Arna Björnsdóttir var kosin varamaður. Á næsta aðalfundi verða svo kosnir þrjár aðalmenn í stað þeirra sem kosin voru til eins árs. Ásta Laufey Aðalsteinsdóttir aðstoðarskólameistari er fulltrúi skólans í ráðinu.

Margrét Sveinbjörnsdóttir var kosin formaður og Helga Björg Dagbjartsdóttir ritari. Ársæll sagði að þó að það stæði ekki í lögum foreldraráðsins, þá væri hefð fyrir því að formaður væri áheyrnarfulltrúi í skólanefnd og því var Margrét kosin í það hlutverk.



Borgarholtsskóli

Fundargerð

2. Starfið framundan

Ársæll sagði að góð byrjun fyrir nýtt foreldraráð væri að lesa [reglugerð nr. 326/2016 um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í framhaldsskólum](#), þar sem farið væri yfir ábyrgð allra sem tilheyra skólasamfélaginu.

Spurður um væntingar skólans til foreldraráðsins sagði hann að í raun hefði foreldraráð nokkuð frjálsar hendur. Allt sem eflir skólastarfið, styrkir nemendur, foreldra og skólann væri vel þegið.

Hann bauð foreldraráðið velkomið til starfa í skólanum, þar sem það gæti fengið aðstöðu til fundahalda nú þegar smám saman léttir á samkomutakmörkunum. Einnig bauð hann foreldraráð velkomið í heimsókn í skólann við fyrsta tækifæri til að kynna skólastarfinu af eigin raun, en vegna kórónuveirufaraldursins hafa nýnemaforeldrar enn ekki komið þar inn fyrir dyr.

Hvað varðar samráð við nemendafélag sagði Ársæll að Ásta Laufey væri tengiliður milli foreldraráðs og nemendafélags. Það skýrist á næstu dögum hvernig félagslífið fer smám saman af stað og hvernig foreldraráðið getur komið þar að liði.

Næst á dagskrá:

- Lesa reglugerðina
- Festa tíma fyrir heimsókn í skólann og fund foreldraráðs í beinu framhaldi
- Kasta á milli okkar hugmyndum að dagskrá, t.d. jafningjafræðslu fyrir foreldra

Fundi slitið kl. 17:33.

Fundargerð ritaði: Margrét Sveinbjörnsdóttir